

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2014, mánudagurinn 24. nóvember var haldinn 123. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn hófst kl 15:30 í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Mættir: Heiðar Ingi Svansson, Bjarni Jónsson, Björn Birgir Þorláksson, Sandra Berg Cepero og Björn Jón Bragason. Áheyrnafulltrúi: Sigurður Þórðarson, varamaður Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir og Aðalbjörg Traustadóttir framkvæmdastjóri PLH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir dagskrárlið nr. 1 voru Unnur Margrét Arnardóttir, Guðrún S. Hilmisdóttir, Ólafur Ólafsson og Sonja Wiium.

Þetta gerðist:

1. Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri Betri Reykjavíkur og þau Guðrún S. Hilmisdóttir og Ólafur Ólafsson úr fagteymi umhverfis- og skipulagssviðs fóru yfir mat fagteymisins á innsendum hugmyndum hverfisbúa í tengslum við verkefnið Betri hverfi. Fagteymið mun ljúka sinni vinnu í byrjun desember. Lokadagsetning fyrir skil hverfisráðs er 10. janúar 2015.
2. Formaður hverfisráðs upplýsti meðlimi ráðsins um stöðu mála tveggja lóða, við Laugarnesveg og Hraunteig, í framhaldi af fyrirspurnum íbúa. Búseti hefur hafið framkvæmdir á lóðinni við Laugarnesveg 56, innan ramma deiliskipulags. Lóðin við Hraunteig 3 er í ferli hjá skipulagsyfirvöldum.

Hverfisráð gerir eftirfarandi bókun vegna lóðarinnar við Hraunteig 3:

Hverfisráð Laugardals leggur áherslu á að tryggt verði að fyllsta öryggis verði gætt vegna lóðarinnar að Hraunteig 3 og að öllum tiltækum úrræðum verði beitt til að flýta því að fá farsæla niðurstöðu í uppbyggingu á lóðinni.

3. Lögð var fram til kynningar tillaga Umhverfis- og Skipulagssviðs Reykjavíkurborgar varðandi næstu skref í rekstri fjölskyldugarða.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 16:50

4. Drög að lýsingu skipulagsfulltrúa dags. nóvember 2014 vegna deiliskipulags fyrir lóðirnar nr. 18-24 við Borgartún og 2-4 við Nóatún lögð fram til kynningar og umsagnar. Afgreiðslu málsins er frestað og óskað verður eftir kynningu frá umhverfis- og skipulagssviði á næsta fundi hverfisráðs.
5. Rætt um fyrirtækið Björgun í framhaldi af fyrirspurnum frá íbúum vegna mögulegs flutnings fyrirtækisins í Sundahöfn. Formaður upplýsti að ekki sé búið að taka ákvörðun varðandi lóð fyrir fyrirtækið og að ekki standi til að fyrirtækið færi starfsemi sína í Sundahöfn.

Hverfisráð gerir eftirfarandi bókun vegna staðsetningu Björgunar

Hverfisráð Laugardals leggst alfarið gegn öllum hugmyndum um flutning Björgunar í Sundahöfn. Hverfisráð telur að starfsemi á borð við starfsemi Björgunar eigi ekki heima í nánd við íbúabyggð og leggur áherslu á aðkomu hverfisráðs að skipulagningu og undirbúningi að hugmyndum að þessu tagi.

Fundi slitið kl. 17:10

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Björn Jón Bragason (Sign)

Björn Birgir Þorláksson (Sign)